



Ársskýrsla

árið 2016-2017



Eftirfarandi eru helstu viðfangsefni og viðburðir í starfi Leiknar á starfsárinu 2016-2017.

1. Aðalfundur Leiknar 2016

Aðalfundur Leiknar samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, fyrir starfsárið 2015-2016 var haldinn hjá Iðunni Fræðslusetri, Vatnagörðum 20, þriðjudaginn 19. apríl kl. 14. Fyrir fundinn flutti Lísá Jóhanna Ævarsdóttir, MPM, fyrirlesturinn: „Um LEAN og sjónrænar stjórnunaraðferðir“ en hún er meðeigandi í LEAN Ísland. Hún fjallaði í stuttu máli um aðferðafræði LEAN og tók dæmi af myndum teyma og sjónrænni stjórnun verkefna með aðferðafræði eins og Kanban, Scrum, Trello og fleiri hagnýtum nálgunum. Mjög góð mæting var á fyrirlesturinn og einungis vantaði fulltrúa frá þremur stofnaðilum. Eftir fyrirlesturinn voru mættir 15 af 19 stofnaðilum á aðalfundinn eða alls 16 þátttakendur. Gengið var til boðaðrar dagskrár en fundarstjóri var kosinn Ólafur Ástgeirsson og fundarritari var skipaður Guðrún Vala Elísdóttir.



Hulda Anna Arnljótsdóttir formaður kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni starfsársins á glærum. Hún rifjaði upp aðalfund frá árinu áður sem haldinn var hjá MSS í Keflavík og sagði frá starfinu. Hún nefndi helstu verkefni stjórnar og verkefni ársins þ.e.: Hugmyndavinnu, stefnumótun og vangaveltur um hvort fjölga ætti aðildarfélögum, þátttöku Leiknar í vinnuhópi um íslenska hæfniramma náms og starfa. Umfjöllun um lagabreytingar sem stjórn taldi ekki þörf á. Leikn tók þátt í alþjóðlegu samstarfi, bæði norrænu og evrópsku á sviði fullorðinsfræðslu þ.e. Nordic Baltic, EAEA og EPALE. Leikn tók þátt í verkefni *Fullorðinsfræðsla og lykilhæfni náms* sem NLV stóð fyrir, Leikn á fulltrúa í samráðshópi GOAL og í Norrænu verkefni um flóttamenn.

Þá var ársreikningur lagður fyrir og samþykktur og árgjald samþykkt óbreytt.

Hulda Anna Arnljótsdóttir var endurkjörin formaður Leiknar og það samþykkt með lófaklappi. Sólveig Hildur Björnsdóttir í Framvegis gaf ekki kost á sér áfram og í stað hennar kom inn í stjórn Anna Kristín Gunnarsdóttir frá Mími. Áfram sátu í stjórn Guðrún Lárusdóttir frá Endurmenntun Lbhí, Guðrún Vala Elísdóttir frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og Þuríður Sigurðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Í varastjórn sitja þau Helga Gísladóttir frá Fjölmenn og Ólafur Ástgeirsson frá Iðunni Fræðslusetri. Ný stjórn skipti með sér verkum eins og samþykktir félagsins kveða á um.

Stjórn Leiknar var þannig skipuð starfsárið 2016-2017:

Hulda Anna Arnljótsdóttir – formaður (Fræðslusetrið Starfsmennt)

Guðrún Lárusdóttir – gjaldkeri (Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands)

Guðrún Vala Elísdóttir – ritari (Símenntunarmiðstöð Vesturlands)

Þuríður Sigurðardóttir – varaformaður (Fræðslumiðstöð Vestfjarða)

Anna Kristín Gunnarsdóttir – meðstjórnandi (Mímir)

Helga Gísladóttir – varamaður (Fjölmennt)

Ólafur Ástgeirsson – varamaður (Iðan – fræðslusetur)

Ný stjórn hélt fimm stjórnarfundum á starfsárinu 2016-2017, sem allir voru haldnir í Reykjavík og Skype fjarfundur notaður þegar með þurfti. Einn fundur var í formi tölvupósta en stjórnarmenn voru sammála um að fjarfundir og umræða á netinu væru ígildi stjórnarfunda ef til þeirra væri boðað með fyrirvara, formlegri dagskrá og fundargerð rituð. Ákveðið var eins og áður að varamenn tækju þátt í öllum stjórnarfundum. Allar fundargerðir stjórnar eru birtar á netinu þegar að þær hafa verið samþykktar af stjórnarmönnum. Á vefsíðu Leiknar má einnig finna önnur gögn, skýrslur og vefslóðir sem tengjast starfsemi. Alltaf var boðað til stjórnarfunda með dagskrá og greiðir Leikn ferðakostnað stjórnarmanna sem koma um langan veg. Um áramót lét Hulda Anna Arnljótsdóttir af störfum hjá Starfsmennt og hætti þar með sem formaður Leiknar. Guðrún Vala Elísadóttir tók við formannsstarfinu fram að aðalfundi, þar sem varaformaður forfallaðist. Eru Huldu færðar þakkir fyrir góð störf í þágu Leiknar og fullorðinsfræðslunnar.

2. Helstu verkefni stjórnar

2.1. Fræðsluerindi og veffréttabréf

Leikn skipulagði átta fjarfræðsluerindi á starfsárinu en markmiðið með fjarfræðsluerindunum er að ná til þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu með stuttum innslögum um það sem efst er á baugi hverju sinni. Sex erindi voru haldin og með sama sniði og áður. Hvert erindi er um 40 mínútna langt og samanstendur af fyrirlestri gestafyrirlesara og umræðum. Erindin eru flutt í gegnum Adobe Connect hugbúnað Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og eru allar upptökur aðgengilegar á heimasíðu Leiknar. Þar eru enn fremur leiðbeiningar um hvernig hægt er að tengjast inn á fjarfræðsluerindin. Veffréttabréf voru send út mánaðarlega til að kynna fjarfræðsluna, málþing eða annan fróðleik.

Fundarmenn taka að sér að skoða aðrar hugmyndir að fyrirlesturum sem ræddar verða síðar. Fjarfræðsluerindin voru haldnir mánaðarlega frá október og út apríl, en erindið sem vera átti í febrúar féll niður vegna forfalla. Öllum starfsmönnum stofnaðila er ávallt boðið til þátttöku en einnig er hægt að horfa á útsendingu hvar og hvenær sem er á vef Leiknar. Þátttakendur voru á bilinu 4 – 20 en ekki var alltaf vitað hve margir tóku beinan þátt því sent var í tölvur sem ýmist einstaklingar fylgdust með eða stærri hópar.

Fjarfræðsluerindin voru:

Þriðjudagur 26. apríl 2016: „Áætlanagerð í verkefnum.“ Ólafur Ástgeirsson, sviðsstjóri bygginga- og mannvirkjasviðs hjá Iðunni fræðslusetri, veitti okkur innsýn í utanumhald og skipulag verkefna.

Priðjudagur 4. október 2016: „Listin að lifa og læra saman - um traust og virðingu í samskiptum þvert á menningarheima“. Anna Lára Steindal verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum fjallaði um fjölmenningu og fordóma.

Priðjudagur 1. nóvember 2016: „Evernote- sem engu gleymir“. Guðmund Þór Reynisson kerfisfræðingur fjallaði um kosti upplýsingatækni til að halda utan um upplýsingar, án þess að prenta. Hann tók m.a. dæmi um Evernote og fleiri öpp.

Priðjudagur 6. desember 2016: „Efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu á Vesturlandi“. Signý Óskarsdóttir, verkefnastjóri hjá Bifröst og SSV flutti erindið.

Priðjudagur 10. janúar 2017: „Finnstur fjarkennsluvefur og stuðningur á netinu“. Fjallað um finnskt fjarnámskerfi í Otava sem leggur áherslu á aðgengi, einfaldleika, traust og sjálfstæði í vinnubrögðum. Um er að ræða myndrænan og vel skipulagðan námsvef með þróaða stuðningsþjónustu. Kynnir var Miia Siven, fjarkennslustjóri.

Priðjudagur 7. febrúar: „Vinnuvistfræðileg námsumhverfi og kennarapúltið að hverfa?“ Fyrirlesari Jesper Andreasen frá VUC í Haderslev. **Féll niður** – en von er til þess að erindið verði haldið síðar á árinu.

Priðjudagur 7. mars 2017: Hörður Baldvinsson, verkefnastjóri stóriðjuskólans. „Frá áhuga til árangurs“. Hörður fjallaði um samstarf Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi, Fjölbautaskóla Vesturlands og Norðuráls í stóriðjuskólanum og sagði frá því að talsvert margir nemendur halda áfram námi og ná sér í löggild iðnréttindi.

Priðjudagur 6. apríl 2017: Erindi sem halda átti um notkun á Mailchimp **féll niður** vegna forfalla fyrirlesara.

2.2. Innra starf Leiknar

Stjórn Leiknar fundaði um ýmis innri málefni á árinu sem tengjast verkaskiptingu, skipulagi og starfsáætlun. Á fyrsta stjórnarfundinum í september skipti stjórn með sér verkum og skipulagði starfið fram undan. Ákveðið var að halda tvo stjórnarfundum fyrir áramótin, og tvo til þrjá eftir áramót. Formaður fór yfir hlutverk og samþykktir Leiknar og áréttaði að Leikn er upplýsinga- og samstarfsvettvangur fullorðinsfræðslu. Tilgangurinn er gæta breiðra hagsmuna fullorðinsfræðsluaðila.

Áður hefur verið rætt um að fjölga aðilum í samtökunum og ákveðið var að formaður og gjaldkeri hefðu samband við aðila (sem rétt eiga á því að vera í Leikn) og byðu þeim aðild. Send voru bréf á ákveðna aðila en því miður kom ekkert út úr því. Markmiðið er að Leikn séu breið samtök og upp kom sú hugmynd hvort sjóðirnir (Landsmennt o.fl.) kæmu inn og þá þyrfti að sækja um aðild hjá næstu stjórn. Skerpa þarf á þeim áherslum sem sameina fullorðinsfræðsluaðila svo þeir sjái sér hag í upplýsinga- og samstarfsvettvangi eins og Leikn er. Almenn er Leikn ekki vel þekkt út á við en hefur þess í stað lagt áherslu á að ná til félagsmanna í gegnum mánaðarlegar útsendingar veffréttabréfa og

fjarfræðsluerinda. Áhersla stjórnar hefur verið á að ná til bæði starfsmanna og stjórnenda með fræðslu, verkefnum og upplýsingamiðlun. Leikn eru áhuga- og leikmannasamtök sem stunda ekki rekstur né halda úti skrifstofu og allir vinna sjálfbóðastarf samhliða eigin störfum. Stjórnin er sammála um halda áfram að vinna að uppbyggingu framsækinnar fullorðinsfræðslu.

Leikn á í margvíslegu samstarfi við fræðsluaðila, stjórnvöld og stofnanir á sviði menntunar. Þess ber að geta að Leikn er ekki í formlegu sambandi við stjórnkerfið s.s. mennta- og menningarmálaráðuneyti. Leikn heldur þó vöku sinni þegar kemur að álitserðum og sameiginlegum hagsmunum fullorðinsfræðsluaðila.

Enn fremur er Leikn í samstarfi við önnur skyld félög og stofnanir sem styðja við framkvæmd fullorðinsfræðslu. Sérstaklega ber að nefna Kvasir, en samstarfið er gott t.d. um sameiginleg málefni og fundi, sbr. ráðstefnur og fræðslu í tengslum við aðalfundi.

2.3. Íslenski hæfniramminn

Leikn hefur frá árinu 2013 tekið þátt í þróun íslenska hæfnirammans fyrir nám og störf. Um er að ræða samstarf fjölda hagsmunaaðila utan hins formlega skólakerfis. Frá þessum tíma hefur vinnuhópur sem mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði til að koma með tillögur að námslokum innan framhalds-fræðslunnar, unnið margskonar starf. Hópurinn vann drög að lýsingum um stigvaxandi hæfni á neðri þrepum rammans sem talið var að gæti nýst við námskrágerð. Þann 12. október 2016 undirrituðu Mennta- og menningar-málaráðuneyti, Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Samtök atvinnulífsins (SA), BSRB, Kvasir, Leikn, Bandalag háskólamanna (BHM), Samtök íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) og Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) yfirlýsingu um hæfniramma um íslenska menntun sem ætlað er að endurspeglar stigvaxandi hæfnikröfur í formlegu og óformlegu námi á Íslandi. Undirritunin markar tímamót hvað varðar áherslu á sýnileik ævilangrar menntunar sem fer fram bæði við nám og störf en hæfniramminn nýtist fyrst og fremst almenningi sem tenging milli formlegs og óformlegs náms. Hæfniramminn hefur tvíþættan tilgang; annars vegar að auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands og hins vegar að auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa. Íslenski hæfniramminn telur sjö hæfniþrep og endurspeglar hækkanði þrep auknar hæfnikröfur. Þrepin endurspeglar þær kröfur sem gerðar eru til einstaklingsins er varða þekkingu, leikni og hæfni í verkefnum, vinnu og samskiptum. Hæfniramminn eykur þannig gagnsæi og varpar ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu námi á tilteknu þrepi. Upplýsingar um hæfni má t.a.m. nýta í ferilskrá, við starfsþróun og í umsókn um nám. Aðilar yfirlýsingarinnar eru samábyrgir fyrir innleiðingu og kynningu á hæfniramma og leggja sérstaka áherslu á að þróaðar verði aðferðir við að skilgreina námslok og tengja óformlegt nám við hæfniþrep rammans. Með undirrituninni er mikilvægum áfanga náð í að auka samtal og samstarf menntakerfis og atvinnulífs þar sem nám getur farið fram hvar sem er og reynsla er metin að verðleikum. Heilmikil og spennandi þróunarvinna bíður okkar í fullorðinsfræðslunni en eins og flestir vita þá hefur mikil vinna átt sér stað sl. ár til að ná þessum áfanga.

Hæfniramma um íslenska menntun

Stig	Lýsing á helstuþáttum	Ástæða
7	Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum. Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum.	8
6.2	Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum. Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum.	7
6.1	Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum. Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum.	7
5.2	Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum. Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum.	6
5.1	Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum. Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum.	6
4	Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum. Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum.	5
3	Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum. Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum.	4
2	Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum. Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum.	3
1	Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum. Þetta stig er hámarksstig og er tilgreint fyrir einstaklinga sem hafa náð hámarksstigi í námi og störfum.	1,2

2.4. Alþjóðlegt samstarf

Frá upphafi samtakanna hefur Leikn tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði fullorðinsfræðslu. Hefur þá mestur tími farið í norrænan baltneskan vinnuhóp innan EAEA (European Association for the Education of Adults). Sá hópur hefur hist tvisvar á ári að meðaltali. Á vorfundi hafa allir hist og á haustfundi hafa einungis norðurlandþjóðirnar hist.

Á starfsárinu 2016 var að þessu sinni bara haldinn einn fundur, í maí í Finnlandi og mættu formaður og gjaldkeri Leiknar á fundinn. Er þetta annað árið í röð þar sem nýtt fyrirkomulag á fundum var viðhaft. Þátttökupjóðir settu saman skýrslur yfir starfsemi í hverju landi fyrir sig og sendu á þátttakendur fyrir fundinn. Á fundinum var síðan eingöngu fjallað um fyrir fram ákveðin málefni, en ekki eins og áður var, þar sem megnið af tímanum fór í að endursegja landsskýrslur frá hverju landi fyrir sig.



EUROPEAN ASSOCIATION FOR
THE EDUCATION OF ADULTS

Í ár voru það aðallega fjögur málefni sem fjallað var um;

- Fjármál og minnkandi fjármagn í öllum löndum í starfsemi framhaldsfræðslunnar
- Nýtt regluverk í framhalds- og fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum og í baltnesku löndunum
- Ný þekking og færni varðandi kennslu á sviði framhalds- og fullorðinsfræðslu.
- Aukning flóttafólks til Norðurlandanna og fræðsla til þeirra.

Í lok fundarins í Helsinki lét Trine Bendix Knudsen aðstoðar framkvæmdastjóri Dansk Folkeoplysnings Samrad af embætti sem formaður hópsins og formennskan fór yfir til Gro Holstad framkvæmdastjóra Voksenopplæringsforbundet (VOFO) í Noregi.

Einnig var ákveðið að fækka fundum og halda héðan í frá bara einn fund á ári og gera jafnframt tilraun til að tengja þann fund eins og hægt er við einhverja uppákomu innan fullorðinsfræðslugeirans eins og t.a.m. ráðstefnur. Um leið var hvatt til þess að allir í norræna baltneska hópnum tækju þátt í stærri fundum EAEA a.m.k. einu sinni á ári, eins og t.a.m. ársfundi sem haldinn er í upphafi sumars ár hvert.

Í maí 2017 verður fundur norræna baltneska EAEA hópsins haldinn í Jönköping í Svíþjóð og einmitt í tengslum við ráðstefnuna „NCAEL- 7th Nordic Conference on Adult Education and Learning“ og loka uppgjör flóttamannaverkefnisins „New Nordic research and successful models of integration through non-formal adult education“. Á fundinn mun starfandi formaður Leiknar mæta sem og gjaldkeri Leiknar (sjá nánar í kaflanum 2.5.2 Fullorðinsfræðsla, flóttamenn og virkni á vinnumarkaði).

Í lok júní 2017 verður ársfundur EAEA ásamt ráðstefnunni „Engaging New Learners“ haldinn í Girona á Spáni og er stefnt að því að senda tvo fulltrúa frá Leikn á þann fund, en með því mun Leikn standa við sitt varðandi aukna þátttöku Íslands í Evrópustarfi EAEA.

Aukinn kraftur hefur verið settur í starf EAEA á síðustu misserum, með Per Paludin Hansen hinn danska sem formann. Starf EAEA hefur einnig verið tengt betur við aðra grasrótavinnu s.s. EPALE (Electronic Platform for Adult Learning in Europe). EAEA hefur einnig ráðist í margskonar verkefni til að auka skýrleika og vinna að sameiginlegum hagsmunum. Samtökin gefa út fréttabréf og standa fyrir átaksverkefnum og könnunum á stöðu fullorðinsfræðslu í Evrópu. Þá funda þau oft saman á netinu s.s. til að heyra skoðanir annarra á t.d. „Manifesto for adult learning in the 21st century. The Power and Joy of Learning“.

2.5. Samstarfs- og þróunarverkefni

Leikn tekur þátt í innlendum og erlendum samstarfs- og þróunarverkefnum á þann hátt að virkja stjórnarmenn eða stofnfélaga til þátttöku. Á starfsárinu var unnið að tveimur samstarfsverkefnum:

2.5.1 GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners)

Leikn á fulltrúa í samráðshópi vegna Erasmus+ verkefnis sem FA er aðili að. Verkefnið kallast GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners) og snýst um ráðgjöf og leiðsögn fyrir fullorðna námsmenn. Verkefnið miðar að því að þróa leiðir fyrir heildstæða ráðgjafarþjónustu fyrir hópa í samfélaginu sem sækja síður í nám. Byggt er á þjónustu sem nú er til staðar í löndunum og lögð áhersla á meiri árangur með auknu samstarfi allra hagsmunaaðila. Verkefnið hófst formlega 1. febrúar 2015 og er undir forystu flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Belgíu en önnur samstarfslönd eru Holland, Tékkland, Slóvenía, Litháen og Tyrkland. Verkefnið er til þriggja ára og er upphæð fjármagns í framkvæmd hér á landi tæpar 63 milljónir íslenskra króna.

Samstarfsaðilar FA í verkefninu eru Mímir-símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Í samráðshópi eru auk þess fulltrúar frá Fangelsismálastofnun, Rauða krossi Íslands, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Leikn og Vinnumálastofnun. Fimm meginþættir verkefnisins eru 1) að koma á og þróa tengslanet og samstarf tengdra hagsmunaaðila eða stofnana fyrir þróun verkefnisins. 2) að þróa sérstakar aðferðir eða tæki fyrir þjónustu náms- og starfsráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám (e. *low-qualified/skilled*). 3) að skilgreina færniþætti ráðgjafa sem styðja þá í að vinna með sérstakar þarfir markhópsins. 4) að fara með þjónustuna þar sem markhópin er að finna þ.e. vettvangsnálgun (e. *out reach*). 5) að auka gæði ráðgjafarþjónustu í því skyni að notendur nái hámarksárangri. Samhliða



verkefninu vinnur Menntavísindastofnun að framkvæmd rannsóknar með rýnihópasamtölum og símaviðtölum við hluta þátttakenda, til að meta verkefnið.

Fulltrúi Leiknar í GOAL er Guðrún Vala Elísdóttir hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

2.5.2 Fullorðinsfræðsla, flóttamenn og virkni á vinnumarkaði

Nordic Baltic samráðshópurinn sem Leikn er aðili að sótti um sameiginlegt verkefni til norrænu ráðherranefndarinnar til að kortleggja aðferðir sem hvetja til virkni og þátttöku flóttafólks í námi og störfum. Áhersla er lögð á eflingu mannauðs flóttafólks og var verkefninu ætlað að þróa aðferðir til að þjónusta það og aðstoða til virkrar þátttöku á vinnumarkaði í gegnum nám og þjálfun. Fyrir hönd Leiknar var ákveðið að Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Framvegis tækju þátt en vegna mannbreytinga hjá Framvegis var það einungis Símenntunarmiðstöðin sem tók þátt og var það Guðrún Vala Elísdóttir SMV sem var fulltrúi Leiknar. Verkefnið fór af stað af vorið 2016 og voru helstu verkþættir símafundir og að afla árangursríkra dæma (e. *successful models*) við aðlögun innflytjenda í nýju samfélagi með áherslu á óformlega fullorðinsfræðslu. Safnað var dæmum frá Finnlandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Íslandi og verða niðurstöður verkefnisins kynntar 4. maí nk. á ráðstefnu í Jönköping í Svíþjóð. Valin voru dæmi frá Símei og Mími frá Íslandi. Verkefnið greiðir kostnað fyrir einn þátttakanda frá hverju landi og fer Kristín Björk Gunnarsdóttir Símei frá Íslandi. Guðrún Vala Elísdóttir og Guðrún Lárusdóttir fara sem fulltrúar Leiknar, en jafnframt verða fundir í Nordic-baltic ráðinu sem þær munu sitja í sömu ferð.



norden

Norræna ráðherranefndin

F.h. stjórnar Leiknar,

Guðrún Vala Elísdóttir, formaður.

Félagsaðilar Leiknar árið 2016-2017

1. **Austurbrú**, Tjarnarbraut 39, 700 Egilsstaðir – Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri (jona@austurbru.is)
2. **Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands**, Hvanneyri, 311 Borgarnesi – Guðrún Lárusdóttir endurmenntunarstjóri (gurra@lbhi.is).
3. **Farskólinn - miðstöð símenntunar á NV landi**, Faxatorgi, 550 Sauðárkróki – Bryndís Kristín Þráinsdóttir framkvæmdastjóri (bryndis@farskolinn.is).
4. **Félagsmálaskóli alþýðu**, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík – Eyrún Björk Valsdóttir skólastjóri (eyrun@felagsmalaskoli.is)
5. **Fjölmennt**, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík – Helga Gísladóttir forstöðumaður (helgag@fjolmennt.is)
6. **Framvegis miðstöð símenntunar**, Skeifan 11b, 108 Reykjavík – Vigdís Þyri Ásmundsdóttir (vigdis@framvegis.is)
7. **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**, Skipholti 50b, 105 Reykjavík – Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri (sveinn@frae.is)
8. **Fræðslumiðstöð Vestfjarða**, Suðurgata 12, 400 Ísafjörður – Smári Haraldsson forstöðumaður (smari@frmst.is)
9. **Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi**, Tryggvagata 13, 800 Selfoss – Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri (eyjolfur@fraedslunet.is)
10. **Fræðslusetrið Starfsmennt**, Skipholti 50b, 105 Reykjavík – Hulda Anna Arnljótsdóttir framkvæmdastjóri (hulda@smennt.is) /Guðfinna Harðardóttir (gudfinna@smennt.is)
11. **IDAN-Fræðslusetur**, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík – Hildur Elín Vignir framkvæmdastjóri (hildur@idan.is)
12. **Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum**, Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ – Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður (ina@mss.is)
13. **Mímir-símenntun**, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík – Sólveig Hildur Björnsdóttir framkvæmdastjóri (solveighildur@mimir.is)
14. **Námsflokkar Hafnarfjarðar**, Menntasetrið við Lækinn, 220 Hafnarfirði – Theodór Hallsson skólastjóri (teddi@hafnarfjordur.is)
15. **Námsflokkar Reykjavíkur**, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík – Iðunn Antonsdóttir forstöðumaður (idunn.antonsdottir@reykjavik.is)
16. **SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar**, Þórsstíg 4, 600 Akureyri – Valgeir Magnússon (valgeir@simey.is)
17. **Símenntunarmiðstöð Vesturlands**, Bjarnarbraut 8, 300 Borgarnes – Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri (ingadora@simenntun.is)
18. **Viska – símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja**, Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar – Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður (viska@eyjar.is)
19. **Þekkingarnet Þingeyinga**, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík – Óli Halldórsson forstöðumaður (oli@hac.is)